



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

• (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. september
2007
Tilvísun: UST20070800076/sf

Framleiðsla kísils í Helguvík. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar frá 15. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu Tomahawk Development að matsáætlun fyrir kíslverksmiðju í Helguvík

Í tillögunni kemur fram að um er að ræða framleiðslu á 50.000 tonnum af kísil á ári og að uppbyggingin verði gerð í tveimur áföngum sem hvor um sig mun framleiða 25.000 tonn af kísil. Áætlað er að hefja byggingu vorið 2008, framleiðsla hefjist 2009 og að fullum afköstum verði náð ekki seinna en 2011.

Framkvæmdasvæðið er innan iðnaðar- og hafnarsvæðis Helguvíkur, en þar eru fyrir nokkur fyrirtæki eins og fiskimjölsverksmiðja, álvinnsla og enn fremur fyrir hugað að reisa álver á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun fyrir kíslverksmiðju í Helguvík.

Á bls. 6 í tillögu að matsáætlun segir m.a.: „*Lóð nr. 1 sem er efst á listanum um lóðarval, hefur nýlega verið undirbúin fyrir verksmiðjuna og hráefnisgeymslur. Þar er þegar búið að sprengja burt klöpp til að sléttu lóðina og undirbúa hana fyrir verksmiðjubygginguna.*“

Umhverfisstofnun telur að finnsluvert að undirbúningsframkvæmdir séu hafnar áður en mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er lokið.

Á bls. 6 í tillögu að matsáætlun segir að við hönnun, byggingu og rekstur verksmiðjunnar sé það markmið Icelandic Silicon Corporation (ISC) að áhrif á landslag, gróðurfar, dýralíf og landnotkun verði sem minnst utan lóðar ISC. Nánar verði fjallað um umhverfisáhrif á fyrnefnda þætti í frummattsskýrslu. Á bls. 11 segir hins vegar að umhverfisáhrif frá verksmiðjunni á gróður verði engin þar sem verksmiðjan verði á iðnaðarsvæði þar sem ekki er gróður fyrir. Í umfjöllun um gróður er því

misræmi þar sem annars vegar kemur fram á að áhrif á gróður verði engin og hins vegar að fjallað verði um áhrif á gróður í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er hægt að fullyrða að hvort og þá hver áhrif verða á gróður vegna reksturs verksmiðjunnar fyrir en dreifing og eðli loftborinnar mengunar liggur fyrir. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að lóð nr. 1 sé fyrsti valkostur framkvæmdaraðila en aðrar lóðir koma til greina fyrir staðsetningu verksmiðjunnar. Umhverfisstofnun telur að fjalla verði um áhrif á gróður m.t.t. til allra valkosta.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslunni þurfí að gera grein fyrir samsetningu hráefnis einkum hvort þar sé finna þungmálma sem gætu borist út í umhverfið auk þeirra efna sem talin eru upp í töflu 3.1. Stofnunin vill einnig benda á skuldbindingar Íslands vegna POP-bókunar (The 1998 Protocol on Persistent Organic Pollutants (POPs)) við Genfarsamninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution (LRTAP)).

Samkvæmt tillögu að matsáætlun verður í frummatsskýrslu gerð grein fyrir hvernig hljóðvist frá verksmiðjuni dreifist og hvernig tryggt verður að hljóðvist á atvinnu- og íbúðarsvæðum í nágrenninu samræmist viðmiðunargildum í reglugerð um hávaða. Umhverfisstofnun vekur athygli á að umfjöllun um hljóðvist þarf einnig að taka mið af því að í nágrenni við framkvæmdasvæðið eru hesthús og kirkjugarður. Einig þarf að fjalla um hávaða á framkvæmdatíma. Ef nauðsynlegt reynist að sprengja eða fleyga í klöpp þarf jafnframt að fjalla um titring vegna slíkra framkvæmda. Umhverfisstofnun telur að sýna eigi niðurstöður hljóðvistarútreikninga með hljóðvistarkortum og ef einhverjar mótvægisáðgerðir vegna hávaða eru nauðsynlegar eigi að fjalla um sjónræn áhrif þeirra með myndrænni framsetningu. Umhverfisstofnun telur einnig að horfa verði til sammögnumnaráhrifa vegna flutninga til og frá verksmiðjuni einkum í ljósi þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á svæðinu.

Í tillögu að matsáætlun segir á bls 11 í umfjöllun um vatn og sjó að einu umhverfisáhrif framleiðslunnar á sjó sé varmi frá kælingu á lokuðu vatnskælierfi verksmiðjunnar. Þar segir einnig: „*Kælierfið muna verða hannað þannig að hitinn frá kælierfinu mun ekki hafa nein áhrif á sjávarlífíð. Þess vegna verða ekki gerðar nánari rannsóknir á sjó í frummatsskýrslunni.*”

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu verði að gera nána grein fyrir því kælierfi sem notað verður og sýna fram á að hiti frá kælierfinu muni ekki hafa áhrif á lífríki sjávar, auk þess sem gera verði grein fyrir hvernig staðið verður að hreinsum skólps vegna starfsmannahalds.


Í umfjöllun um menningarminjar kemur fram að svæðið umhverfis Helguvík og nágrenni er ekki á náttúruminjaskrá né friðlýst og verði þess vegna ekki kannað nánar við mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að viðkvæm svæði vegna lífríkis eru í nánd við fyrirhugað framkvæmdasvæði, þ.e. sjófuglabyggðir í Hólmsbergi og í Bergvík og tjarnir norðan við Helguvík.

Samkvæmt tillögu að matsáætlun verður í frummatsskýrslu gerð grein fyrir byggingum og áhrifum þeirra á umhverfi sitt. Ekki kemur nánar fram hvernig það verður gert. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sjónrænum áhrifum verði gerð skil með myndrænni framsetningu, s.s. með ljósmyndum frá völdum stöðum/útsýnisstöðum.


Tilgreina þarf hvar myndirnar eru teknar, hvert sjónarhornið er og hvað myndirnar eiga að að sýna.

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að framkvæmdin hafi verið kynnt Umhverfisstofnun á fundi 14. mars 2007 og að starfsmönnum Umhverfisstofnunar hafi litist mjög vel á verkefnið. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við framangreint orðalag. Framkvæmdin hefur verið kynnt stafsmönnum stofnunarinnar en stofnunin hefur ekki tekið afstöðu til verkefnisins.

Virðingarfallst



Sigurrós Þórhildottir
tagstjóri



Héldi Jónsson
forstöðumaður